

Ed.

403. Frumvarp til laga

[210. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í eftirtalda þætti:

1. Sandgræðslu, sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafli lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur unisjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum. Heimilt er að fela einstökum fulltrúum meðferð ákveðinna þátta starfsins, svo sem gróðurvernd, gróðureftirlit eða sandgræðslu, undir yfirstjórn landgræðslustjóra.

3. gr.

Kaflafyrirsögn verði:

II. kafli.

Landgræðsla.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins skal kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu, hvort sem er af völdum uppblásturs, sandfoks eða vatnsrofs. Hún annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Landgræðslustjóri skal kanna eða láta kanna staðhætti, þar sem hætta stafar af jarðvegs- og sandfoki. Þau verkefni skulu ganga fyrir, sem forða eiga verðmætum gróðurlendum frá yfirvofandi hættu.

Landgræðslan hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk áður en hafið er.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega nema allt að ⅓ kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að vera greidd samkvæmt jarðræktarlögum.

Landsvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið.

Landgræðslan skal setja reglur, sem staðfestar eru af landbúnaðarráðherra, um það, með hvaða kjörum og skilyrðum aðstoð er veitt til áburðardreifingar og annarra uppgræðsluáðgerða. Auglýsa skal þessar reglur hverju sinni.

#### 6. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal, ef við verður komið, skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

#### 7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefnd kýs nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum frá viðkomandi búnaðarsambandi. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður gróðurverndarnefnda greiðist af fé Landgræðslunnar, svo og þóknun fyrir unnin störf eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum landgræðslustjóra.

#### 8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Gróðurverndarnefndir skulu fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu. Þær skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæmi sínu um notkun og meðferð beitolanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

Þær skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambands og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

#### 9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Berist gróðurverndarnefnd rökstudd ábending um, að gróðurverndar sé þörf á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu og senda landgræðslustjóra greinargerð um málið.

Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu og/eða ranga notkun landsins sé að ræða, gerir hann tillögur um, hvornig úr skuli bæta, og leitar samkomulags við landeigendur um framkvæmd úrbóta (sbr. heimildir í 16. gr. laga um afrétta-málefni og fjallskil).

Hafi gróðurverndaraðgerðir verulegan kostnað í för með sér, má veita til þeirra styrk samkvæmt 8. gr. laga þessara.

Þar sem um afréttarlönd er að ræða eða fleiri eigendur eru að landinu, má binda stuðning Landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdirnar. Reglur um stuðning þennan skal setja og birta á sama hátt og kveðið er á um í síðustu mgr. 8. gr.

10. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarpóli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.

11. gr.

42. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum um landgræðslu, eru ekki umfangsmiklar. Nokkrar eru gerðar í samræmi við reynslu, sem fengizt hefur síðan lög in voru samþykkt 1965. Aðrar vegna fyrirhugaðrar aukningar á starfseminni með landgræðsluáætluninni.

Lagt er til, að kveðið verði skýrar á um, að það sé hlutverk Landgræðslunnar að hafa eftirlit með meðferð og notkun gróðurlendis. Rýmkaðar eru heimildir til að ráða sérfróða starfsmenn til að sinna gróðurvernd, gróðureftirliti og sandgræðslu.

Ákvæðum, er varða gróðurverndarnefndir, er nokkuð breytt. Það er nú fast kveðið á um, að þær skuli starfa í hverri sýslu.

Eftir gildandi lögum eiga sýslurnar að greiða helming af funda- og ferða-kostnaði gróðurverndarnefnda. Lagt er til, að kostnaður af störfum nefndanna verði greiddur allur af fé Landgræðslunnar og að heimilt verði að greiða nefndar-mönnum fyrir unnin störf.

Þá eru gróðurverndarnefndir skyldaðar til að skila árlega skýrslum, bæði til Landgræðslunnar, viðkomandi búnaðarsambands, og einnig til fjallskilayfirvalda, þegar sérstök ástæða er til.

Ætlað er til, að gróðurverndarnefndir verði styrkur tengiliður á milli Landgræðslunnar og heimaaðila.

Í 8. gr. og 21. gr. gildandi laga eru ákvæði um það, á hvern hátt Landgræðslan tekur þátt í stöðvun uppblásturs, gróðurverndarráðstöfunum og hagabótum, þegar um er að ræða lönd í eigu einstaklinga og upprekstrarfélaga.

Lagt er til, að þessi atriði verði efnislega óbreytt, en ákvæði um framkvæmd-ina eru gerð einfaldari og í samræmi við það, sem tíðkæzt hefur. Stuðningur þessi hefur verið mismikill eftir aðstæðum og getu Landgræðslunnar og sennilega aldrei náð leyfilegu hámarki,  $\frac{2}{3}$  kostnaðar. Það færir nú í vöxl, að hreppsfélög leggi fram fjármuni til gróðurverndar og uppgræðslu, beint úr sveitarsjóðum eða með því að leggja sérstakt gjald á afréttarpening.

Í frumvarpinu er lagt til, að settar verði reglur um það, í hverju stuðningur Landgræðslunnar geti verið fölginn og hvaða skilyrðum hann sé háður. Þessar reglur verða auglýstar hverju sinni.

Nokkur framlög eru þegar veitt til hagaræktar samkvæmt jarðræktarlögum. Þau framlög eru bundin skilyrðum um, að haginn sé fullgræddur, þegar þau eru greidd. Landgræðslan gæti aftur á móti veitt stuðning í upphafi græðslu og á hún þá kröfu í hagabótarframlaginu, þegar það kemur.

#### Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Landgræðslu ríkisins og er svipaðs efnis og 2. gr. gildandi laga. Hér er það gert þriðjætt.

1. Með sandgræðslu er átt við stöðvun uppblásturs, vatnsrofs og sandfoks og græðslu gróðurlausra og gróðurlitilla svæða. Líta má á sandgræðsluna sem stöðvun hvers konar beinnar eyðingar á landi. Landbrot af völdum stærri vatnsfalla hefur þó ekki heyrt undir Landgræðslu og eru ekki tillögur um, að svo verði.

2. Gróðurvernd eru þær aðgerðir, sem stuðla að eflingu gróðurs, þar sem hann kann að vera í hættu, m. a. það að fara þannig með landið, að gróður þess veikist ekki.

3. Gróðureftirlit er hér tekið sem sérstakur liður. Ætlazt er til, að Landgræðslan fylgist hvarvetna með því, hvernig notkun beitolanda og annarri meðferð gróins lands er háttáð, gefi ráðleggingar, vari við og grípi í taumana, þar sem þess kann að reynast þörf.

Um 2. gr.

Á greininni er ekki gerð önnur efnisbreyting en sú, að gert er ráð fyrir, að faglegir fulltrúar landgræðslustjóra geti orðið fleiri en einn og í samræmi við það verði heimilt að fela þeim umsjón þeirra meginþátta starfsins, er að framan getur.

Um 3. gr.

Gr. þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin er svipaðs efnis og 5. gr. gildandi laga. Efnisbreytingar eru ekki neinar, en upptalning verkefna er sett í eðlilegri röð.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um sama efni, og 8. gr. laganna og veitir sömu heimildir til stuðnings við landgræðslu, þegar um er að ræða land í eigu sveitarfél., upprekstrarfélaga eða einstaklinga. Áburðarflug Landgræðslunnar hefur m. a. verið starfrækt eftir heimild þessarar gr., en sjaldan eða aldrei verið gengið svo langt í stuðningi sem heimilt er samkv. greininni. Framkvæmdin hefur verið sú, að Landgræðslan hefur sett reglur um meðferð lands og skilyrði um mótframlag. Landeigendur greiða venjulega áburð, en Landgr. leggur til dreifinguna. Hér er lagt til, að reglur þessar verði staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu og birtar hverju sinni.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 11. gr. laganna, en felld eru niður nákvæm ákvæði um framkvæmdaratriði við gerð girðinga.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. laganna. Breytingar eru þær, að gróðurverndarnefndir skulu nú starfa í öllum sýslum landsins. Kostnaður við störf þeirra greiðist allur af Landgræðslunni, en er nú hálfur greiddur af viðkomandi sýslu. Heimilað verði að greiða nefndum laun fyrir unnin störf.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hlutverk gróðurverndarnefnda, en í gildandi lögum er það gert bæði í 19. og 20. gr.

Þá er og kveðið fastar á um tengsl þeirra við Landgræðslu ríkisins.

Um 9. gr.

Efnið samsvarar 21. gr. laganna. Fjallað er hér um gróðurvernd og gróðureftirlit af hálfu Landgræðslunnar, og er greinin nú meira í samræmi við tillögur

til breytinga á lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. Þá er í gr. hliðstæð heimild fyrir Landgr. til að veita framlög til gróðurverndaraðgerða og nú er í lögum og er það fært til samræmis við 8. gr. laganna.

Um 10.—12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.